

Nd.

11. Frumvarp til laga

[11. mál]

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Gunnar Thoroddsen, Sighvatur Björgvinsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

1. tölul. 1. málsgr. 15. gr. laganna öðlist gildi að nýju og orðist svo:
1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 91 16. nóv. 1974, um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fjárveitinganefnd verði skipuð 9 mönnum, svo sem lengst af hefur verið, en þeim var fjölgað í 10 á þingi 1974. Samkomulag er milli þingflokka um flutning frumvarpsins og verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu.